



Umsögn Festu - miðstöðvar um sjálfbærni um Skýrslu um kolefnismarkaði: Áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi.

Reykjavík, 3. janúar 2025

Festa fagnar skýrslu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um kolefnismarkaði og þá möguleika sem Ísland hefur á þessu sviði. Sem miðstöð fyrir sjálfbærni teljum við að Festa geti gegnt lykilhlutverki í að leiða samstarf milli atvinnulífs og stjórnvalda við innleiðingu tillagna sem lagðar eru fram í skýrslunni. Sérstaklega þegar kemur að tillögu B.2. og E.1.

- Í tillögu B.2. er lagt til að stjórnvöld vinni í samvinnu við atvinnulífið að lagafrumvarpi um kolefnisskrár. Festa getur verið vettvangur fyrir þessa samvinnu, þar sem samtökin hafa aðgang að sérþekkingu og fjölbreyttum hagaðilum innan atvinnulífsins sem geta lagt sitt af mörkum við mótun frumvarpsins.
- Í tillögu E.1. er lagt til að stjórnvöld taki frumkvæði að því að leiða saman hagaðila til að kanna áhuga á stofnun viðskiptavettvangs eða markaðstorgs með kolefniseiningar. Hér getur Festa verið miðlægur vettvangur í þessu ferli og komið á virku samstarfi milli stjórnvalda, atvinnulífs og annarra hagaðila. Með sterkri tengingu við fyrirtæki og áherslu á sjálfbærni er Festa í kjörstöðu til að styðja við þróun slíks vettvangs.

Við teljum að skýrslan leggi sterkan grunn að þróun kolefnismarkaða á Íslandi. Festa er tilbúið til að gegna hlutverki sem vettvangur samstarfs milli stjórnvalda og atvinnulífs við innleiðingu á tillögum skýrslunnar.

Fyrir hönd Festu, Elva Rakel Jónsdóttir framkvæmdastjóri.